

*Alþingi
Erindi nr. P 138/1006
komudagur 22.1.2010*

Viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. janúar 2010

Efni: Umsögn um mál 218 og 219, um frumvörp til laga um breytingar á lögum, nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, og á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum.

Félag viðurkenndra bókara (Fvb) hefur fjallað um ofangreind frumvarp með eftirfarandi athugasemdum.

Í fyrsta lagi ítrekum við athugasemdir sem Fvb sendi í mars 2009 en skv. nýjustu útgáfu á frumvarpi til laga nr. 3/2006 um ársreikninga, mál nr. 218, þá hafa fyrrnefndar athugasemdir ekki ratað þar inn.

Eftirfarandi eru þá frekari útlístan á athugasemdum Fvb.

Breytingar á 3. gr laga nr. 3/2006 um ársreikning segir;

- Hafi annar en endurskoðandi samið ársreikninginn, sbr. 35. gr. laga um bókhald, skal undirritun hans og dagsetning vera hluti ársreikningsins.

Og breyting á 35. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald.

Þeir sem taka að sér að semja ársreikninga fyrir félög skv. 1. gr. sem ekki eru skyld til að kjósa endurskoðanda í samræmi við lög eða samþykktir félagsins skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og reikningsskilum sem, með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins, telst nauðsynleg til rækslu starfans.

Það virðist sem að frumvörpin séu gerð með það að leiðarljósi að þurka út tilvísan í störf hæfnisskilyrði allra annarra en endurskoðendur, utan þess sem að ofan getur.

Viðurkenndir bókarar sem hafa lögverndað starfsheiti í skv. 43. laga nr. 145/1994 um bókhald þar er auk þess mögulegt er að meta hæfnisskilyrði í lagagreininni.

Í frumvarpinu um breytingar á lögum um ársreikninga falla viðurkenndir bókarar undir það að vera „*annar en endurskoðandi*“ Til þessara flokks eru að auki ótal „**aðrir**“ óskilgreindir. Fvb telur að þessi lýsing kalli spurningar eins og; Hverjir eru þeir? Hver er mælikvarðinn eða mat á hæfniskilyrðum á þeim?

Í 12. gr. frumvarpsins segir:

2. mgr. 97. gr. laganna fellur brott.

Sú málsgrein hljóðar svo

Skoðunarmenn skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfans. Hæfnisskilyrði 9. gr. laga nr. 18/1997, um löggilta endurskoðendur, eiga einnig við um skoðunarmenn.

Viðurkenndum bókurum er gert skylt í 43. gr. laga nr. 145/1994 m bókhald að *vera lögráða og fjár síns ráðandi*, en í frumvarpinu eru þessi skilyrði ekki nauðsynleg „**öðrum**“ . Viðurkenndir bókarar þurfa að standast ákveðin próf og því er til mælieining á þekkingu þeirra. Enn og aftur er bent á að hún ekki skýr fyrir „**aðra**“.

Skoðun Fvb er sú að með því að hafa ekki ákveðna nafngift á „**öðrum**“ þá sé verið að gera störf þeirra mjög léttvæg. T.d gæti nafngiftin verið; **Uppgjörsmenn** eða **Reikingskilamenn**-sem gefur mun betri lýsingu en orðið „**Aðrir**“.

Fvb telur einnig að setja ætti inn í lög um ársreikninga **hæfnisskilyrði annarra en endurskoðendur**“ annaðhvort í lagagreininni eða með reglugerð. Og í lögum um bókhald kæmi fram eftir setningunni „*skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og reiknings-skilum sem, með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins, telst nauðsynleg til rækslu starfans.*“
Þeir skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi.

Skilin milli viðurkenndra bókara og ~~skoðunarmenn~~ „**annarra**“ eru engin, þrátt fyrir að viðurkenndir bókarar sé getið í lögnum og með mun strangari skilyrðum en segir í frumvarpinu. Skal enn ítrekað nái þessar breytingar á lögnum fram að ganga er allmikið vegið að starfsvettvangi viðurkenndra bókara með því að setja samasemmerki milli viðurkenndra bókara og „**annarra**“.

Í eftirfarandi lagagreinum er orðið „skoðunarmaður“ strokað út, 96. gr, 98. gr., 99. gr., 100. gr., 101, gr, 102. gr, 103, gr., 104. gr, 105. gr, 107. gr., o.s.frv.

Þessar útstíkanir eru ekki gerðar með tilliti til starfa „annarra“ sem við nefnum hér *uppgjörsaðila*. Má til að mynda nefna;

Aðrir; (uppgjörsaðilar) mega skulda umbjóðendum sínum, þeir geta einnig gengist í ábyrgðir fyrir uppgjörsaðilana.

Umbjóðendur okkar ber ekki skylda til að upplýsa okkur eða afhenda gögn eftir óskum okkar. Verðum við vör um ólöglegt athæfi stjórnenda umbjóðendum okkar, er hvergi getið um að okkur beri að upplýsa aðalfund um slíkt.

Áfram mætti telja upp atriði, en allar þessar breytingar gætu haft veruleg áhrif á trúverðugheit okkar.

Leiða má líkum að því að félög sem eru undir stærðarmörkum, hugsi sig tvisvar um og leita frekar til endurskoðenda þar sem þeir mistúlki eða mislíki lýsinguna á „**örðum**“. Finnst okkar hér mjög vegið að viðurkenndum bókurum sem eru lagðir að jöfnu við „aðra“ í þessum breytingatillögum.

Fvb fer fram á að tillit verði tekið til ofangreindra athugasemda og mikilvægi þess að koma í lögin betur orðuðum lýsingu á „öðrum“ og að samið verði hæfnisskilyrði þá. Við gerum okkur grein fyrir að bæta þyrfti við málsgreinum í lögunum, en ítrekum að hafa verður í huga að hér er um ábyrgðarstörf að ræða og nauðsynlegt að vanda til verka.

Virðingafyllst,
f.h. Félags viðurkenndra bókara

Guðveig Jóna Hilmarsdóttir,
formaður.